

## **Flamingo FA21-RF Práðlaust samtengjanlegir reykskynjarar.**

**Áður en skynjarar eru festir upp skal fylgja eftirfarandi ferli.**

- a) Setja alla þá skynjara sem tengja á saman, á sama borðið.
- b) Setja skal í þá rafhlöðurnar. Fyrst 9V kubbinn og svo AA rafhlöðurnar þrjár.
- c) Tryggið að AA rafhlaðan þrýsti niður rauða öryggishnappinum, því annars er ekki hægt að setja skynjarann á plötuna sem skrúfuð er upp í loftið og skynjarinn er festur á.

**Þegar allar rafhlöður eru konar í alla skynjara er hægt að tengja þá saman á einfaldan hátt, þá er einn skynjarinn skilgreindur sem „master“ og hefur lykilhlutverki að gegna í ferlinu.**

- d) Ýtið tvisvar á „LEARN“ takkann á „master“ eða þar til hann sýnir grænt ljós.
- e) Ýtið einu sinni á „LEARN“ takkan á öllum hinum skynjurunum eða þar til þeir sýna rautt ljós. Eftir þetta hafið þið um það bil 20 sekúndur til að hefja samtengingu samkvæmt lið f)
- f) Aðgætið snögg að réttur litur sé á ljósunum á öllum skynjurum, master-grænt, aðrir-rautt. Þrýstið svo á og haldið niðri „TEST“ takkanum á „master“ skynjaranum, þar til allir skynjararnir gefa frá sér hljóðmerki.
- g) Eftir að allir skynjararnir eru þagnaðir á ný er hægt að prófa hvern og einn þeirra með því að ýta á „TEST“ takkann og eiga þá hinir að fara í gang. Sýnið samt þolinmæði því það getur tekið frá 5 til 25 sekúndur fyrir skynjarana að móttaka prófunarmerkið.